



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 15.03.2021 kl: 17:00

Mætt eru Gunnar Gassi Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Benedikt Jónsson, Ester Sigurðardóttir, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir (Bobba) og Þórunn María Þorgrímsdóttir.

Dagskrá

- **Fundargerð síðasta fundar (meðfylgjandi)**
- **Sambandsþing UÍA**
- **Önnur mál.**

Fundargerð síðasta fundar stjórnar

Samþykkt samhljóða

Sambandsþing UÍA

UMFÍ samþykkti að aðalfundur UÍA yrði haldinn í tengslum við þeirra fund þann 17.04. Þar sem að UMFÍ fékk evrópustyrk þá er möguleiki á að bjóða þingfulltrúum upp á ferðastyrk á þingið.

Stefnt er að því að keyra þingið áfram á sama hraða og síðast en þá var dagskráin frá kl. 18:00 – 21:00 og var því lokið fyrir settan tíma. Þó var þetta þing í fjarfundi.

Stefnt er að því að byrja kl. 10:30.

Stefnt er að því að fá þingritara og forseta þingsins frá Seyðisfirði.

Benni og Gassi sjá um ársreikninga og fjárhagsáætlun. Gunnar sér um ársskýrsluna.

Ávarp gesta – væri sniðugt að fá einhvern frá Múlaþingi til að ræða um hvernig gengur að samhæfa og samstillta íþrótt- og ungmennastarf í nýju sveitarfélagi.

Viðurkenningar – eru að mestu leyti fyrir einstaklinga á svæðinu þar sem að þingið er haldið. Einnig eru veitt starfsmerki UÍA og UMFÍ. Einnig þarf að senda út hvatningu til félaganna um útnefningu til Hermannsbikarsins og íþróttamanns UÍA.

Tveir stjórnarmenn gefa ekki kost á sér í áframhaldandi setu og þarf því að finna nýja í þeirra stað.

Önnur mál

UÍA er 80 ára á þessu ári, stofnað 28.06. 1941. Að því tilefni er stefnt að því að fagna því á sumarhátíð UÍA 2021.

UÍA mun senda frá sér minningarorð þegar Stefán Þorleifsson verður jarðsettur (G&G munu setja þau saman).

Halldór Bjarki Guðmundsson mun vera sumarstarfsmaður UÍA sumarið 2021.

Framlag til íþróttafélaga frá ÍSÍ skoðað og rætt hvaða forsendur eru notaðar við útreikninga á úthlutunni.

Næsti fundur verður haldinn í fjarfundi þann 30.03. kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 19.03

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir